

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl., þingskj. 35 (Hnappdælahjerað).

Auk ofangreinds frumvarps, sem hin háttv. N.deild Alþingis kaus oss undirritaða til þess að ihuga, hefur og verið vísað til umsagnar vorrar öðru frumvarpi til laga um breytingar á sömu lögum — þingskjali 84, er miðar til þess, að nema úr gildi ákvæðið um hina tvo lögskipuðu aðstoðarlækna, sinn á hvorum staðnum, Akureyri og Ísafirði, sem og frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909 — þingskj. 70 — sem stefnir að því, að skifta hinu núverandi Ísafjarðarlæknishjeraði sundur í tvent og stofna þar með nýtt læknishjerað í Bolungarvík, svo nefnt Hólshjerað. Og þar sem öll þessi frumvörp eru þannig hvert öðru náskyld að efninu til, þá leyfum vjer oss hjer með að láta uppi í einu lagi álit vort um þau. Að því er snertir frumvarpið á þingskjali 84, er stefnir að því, að fella úr gildi ákvæðið um tvo lögskipaða aðstoðarlækna á Akureyri og Ísafirði, þá var nefndin á einu máli um það, að hepta bæri framgang þess að þessu sinni. Þessa skoðun sína byggir nefndin á aðra hlið á því, að á báðum hinum umræddu stöðum, Akureyri og Ísafirði, er allmikill mannfjöldi saman kominn, og fer jafnt og þjett vaxandi, svo að telja má þannig líklegt, að einum lækni, á hvorum staðnum fyrir sig, mundi í framtíðinni verða það því sem næst ókleift að veita þá læknishjálp, sem með þyrfti, eða viðunandi geti talist. Og það því fremur, sem í umræddum kaupstöðum er ekki, enn sem komið er, um neina praktiserandi lækna að ræða. Og á hina hliðina virtist nefndinni, að þar sem »sjúkrahús« er í báðum þessum umræddu kaupstöðum, þá bæri nauðsyn til, að jafnan væri þar einhver læknir til staðar, hvað sem í kynni að skerast. En með því að hafa aðeins einn lækni á hvorum staðnum fyrir sig, þá liggur það beint í augum uppi, að ferðir hans til sjúklings í hjeruðunum í grend við kaupstaðina kynnu að geta komið óþægilega niður á sjúklingum þeim, sem lægju á sjúkrahúsinu, eins og líka á hinn bóginn skylda þessa eina manns gagnvart sjúklingunum gæti orðið þess valdandi, að honum væri ekki unt að veita öðrum íbúum hjeradsins nauðsynlega læknishjálp. Af þessum ástæðum ræður nefndin hinni háttv. deild til þess, að fella umgetið frumvarp.

Að því er áhrærir frumvörpin á þingskjali 35 og þingskjali 70, þá hefir nefndin ekki getað orðið samferða. Einn nefndarmaður, háttv. 2. þm. Eyfirð., leggur til, að þau frumvörp bæði verði sömuleiðis látin detta úr sögunni og mun hann við umræðurnar gera grein fyrir þeirri tillögu sinni. Aftur á móti eru hinir nefndarmennirnir fjórir þeirrar skoðunar, að bæði þau frumvörp eigi, að efni til, að fá framgang. Að eins þykir þessum meiri hluta nefndarinnar betur á því fara, að efni beggja þessara frumvarpa sje dregið saman í eitt, og leyfir sjer því að taka aðal-innihaldið úr frumvarpinu á þingskjali 70 upp sem breytingartillögu við frumvarpið, á þingskjali 35, um leið og hann gengur þá út frá því sem sjálfsgöðu, að hið upphaflega frumvarp á þingskjali 70, verði tekið aftur. Að vísu verður því ekki neitað, að á hvorum þessara staða fyrir sig, sem hjer er farið fram á að ný læknishjeruð verði sett á stofn, sjeu all frábrugðnar kringumstæður fyrir hendi. En þótt kringumstæðurnar

sjeu talsvert ólíkar, þá má segja að þörfin fyrir þessa viðbótarlækna kalli nokkurnveginn jafnt eftir á báðum stöðum.

Á svæði því, sem hinu væntanlega Hnappdælahjæraði er ætlað að ná yfir, er, eins og bæði nú og áður hefir verið upplýst hjer í deildinni og landa-brjef sýnir, um afar mikla örðugleika og vegalengdir að ræða fyrir marga hjæraðsbúa, þegar leita þarf læknishjálpar, eins og nú til hagar, þar sem hana er hvergi að fá nema í Borgarnesi, Stykkishólmi eða Ólafsvík. Og þar sem því hefir hvað eftir annað verið haldið fram, og að því er virðist með allmiklum rökum — að aðsetur hinna umræddu þriggja lækna — Borgarness-Stykkishólms- eða Ólafsvíkurlæknis — sje ekki, vegna kringumstæðanna, unt að flytja til hægðarauka fyrir þá, sem miðsvæðis búa, þá er það bert, að úr örðugleikum þeim, sem þeir eiga við að etja í þessum efnun verður ekki bætt, nema með því eina móti, að hjer verði nýtt og sjerstakt læknishjærað sett á stofn, enda hefir sú nauðsyn sem á þessu er, margsinnis áður verið viðurkend í háttv. neðri deild Alþingis, bæði í nefndarálitum, umræðum og jafnvel með samþykkt lagafrumvarps um stofnun þess læknishjæraðs, er hjer um ræðir.

Að því er snertir stofnun nýs læknishjæraðs í Bolungarvík (Hóls-hjærað), þá er þar að sönnu um minna hjærað að ræða, hvað viðáttu og vegalengdir áhrærir, en á hinu fyrnefnda svæði, með því að þessu hjæraði er að eins ætlað að ná yfir einn hrepp. En hins vegar er þess að gæta að hjer er bæði um allmikinn mannfjölda að ræða saman kominn á einn stað — rúmt þúsund manns — og örðugleikarnir við að vitja læknis inn á Ísafjardarkaupstað, jafn oft og þess, sakir mannfjöldans, hlýtur að þurfa — því sem næst eins dæmi, þar sem heita má að eftir engri annari leið verði komist, hvað sem við liggur, en sjónun, sem vitanlega oft hefir það til að banna þær ferðir jafnt sem aðrar.

Meiri hluti nefndarinnar gengur, eins og gefur að skilja, þess alls ekki dulinn, að þegar að því kæmi að sjerstakir læknar yrðu skipaðir í þessi umræddu læknishjæruð, þá hljóti útgjöld landssjóðs til heilbrigðismálanna að aukast nokkuð frá því sem nú er. En hann álitur ekki í það horfandi, þegar ræða er um jafnbersýnilega nauðsyn og hjer á sjer stað á því að geta betur borgið lífi og limum manna, auk þess sem hann telur þessa skoðun sína hafa fullkominn stuðning í margyfirlýstum vilja þjóðarinnar.

Að svo komnu hyggjum vér að ekki þurfi frekari rök tillögum vorum til stuðnings en gerum ráð fyrir að þau geti orðið, ef með þarf, bæði fleiri og ítarlegri við sjálfar umræðurnar.

Alþingi, 25. júlí 1914.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari og framsögum.

Skúli Thoroddsen.

Matth. Ólafsson,

Stefán Stefánsson.